

Fornleifaskráningar í landi Steðja í Borgarfirði

VERKEFNISNÚMER: 3411



Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri.
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com


2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	8
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	8
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi.....	12
Skoðun á eldri kortum af svæðinu.....	12
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	16
Ráðleggingar.....	17
Heimildaskrá.....	18

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2025)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) á Steðja, Borgarfjörður (Bing Sat. Basemap)

Í Mars 2025 hafði verkefnastjóri from Veitur, Helgi Helgasson, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati vegna nýrrar heitavatnsleiðslu í gegnum land Steðja (Mynd 1). Sem hluti af skipulagsskilyrðum fyrir framkvæmdina þurfti að skrá fornleifar á svæði sem er 1,6 km að lengd og 30 metrar til hvorrar hliðar við leið heitavatnslagnarinnar áður en framkvæmdin hófst (Mynd 2). Svæðið sem um ræðir liggur um það bil 10 metrum norðan við núverandi heitavatnslögn sem er verið að skipta út. Verkefnið felur í sér endurnýjun á um 1600 m löngum kafla Deildartunguæðar í landi Steðja, undir Geirsá að Flókadalsá. Einnig felur verkefnið í sér þverun Borgarfjarðarbrautar, fjarlægja núverandi hitaveitubrunn við Flókadalsá og flutning á dælumannvirki vegna heimæðar að Steðja (Veitur verklýsing 2025). Framkvæmdin fer að mestu

um þegar raskað svæði meðfram Vesturlandsvegi og Borgarfjarðarbraut. Í þessari greinargerð er fjallað um möguleg áhrif á gróður, fuglalíf, vatnalíf, útivist og ferðmennsku og fornleifar. Einnig er fjallað um verndarsvæði en framkvæmdin fer að hluta til um svæði á náttúruminjaskrá og vatnsverndarsvæði. Framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfið (Efla 2019).

Í greinargerðum Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010 - 2022 og Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008 – 2020 eru tilgreind þau svæði sem eru skilgreind sem þjóðminjaverndarsvæði. Ekkert af þeim svæðum eru á framkvæmdasvæði lagnarinnar. Litið var til Minjavefsjár Minjastofnunar Íslands. Engar fornleifar voru skráðar á Minjavefsjónni á lagnaleið þeirra lagna sem fyrirhugað er að endurnýja. Við Hafnarskóg eru skráðar fornleifar nr. 1780-1647, Bergþórsbæli, tóft frá 870-1700. Fornleifin er í minna en 500 m fjarlægð frá lagnaleið hitaveitulagnar sem fyrirhugað er að endurnýja. Í undirbúningi framkvæmda verður gengið verður úr skugga um að fornleifum verði ekki raskað við framkvæmdina. Ef það reynist óhjákvæmilegt vegna áður ókunnra minja verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands.

Niðurstaða:

Ekki er vitað um fornleifar á lagnaleið fyrirhugaðrar framkvæmdar. Finnist fornminjar við framkvæmdina verða framkvæmdir stöðvaðar og samband haft við Minjastofnun Íslands í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar um áður ókunnar minjar. Ef raska þarf minjum verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands í samræmi við 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Áhrif á fornleifar eru talin engin (Efla 2019).

Miðjuhnit svæðisins eru **64.616770, -21.490709 (63°37'006"N, 21°29'443"W)**, ISN93: **380857, 459624**. Landslagið var blanda af ójöfnum þúfum, beru sand- og malaryfirborði og votlendi. Fornleifaskráningin fékk verknúmer **3411** frá Minjastofnun Íslands. Næstu friðlýstu fornleifar eru Keldur (nr. **35000701**) sem er í 2.4 km fjarlægð norð vestur af viðkomandi svæði (Mynd 3). Um það bil 800 metrum norðan við rannsóknarsvæðið eru staðsetningar tveggja sögulegra minja skráðar (BO-681:008, BO-681:009). GIS kort Minjastofnunar skráir ástandið sem: ekki sést til fornleifa.


Saga svæðisins

Landnámabók, segir um landnám í Reykholtssdal og Flókadal, að Óleifur hjalti hafi að ráði Skalla-Gríms numið land milli Grímsár og Geirsár. Þar segir og, að feðgar, Ketill blundur og Geir, hafi numið land upp frá Flókadalsá til Reykjadalsár og tungu þá alla upp til Rauðsgils og Flókadal allan fyrir ofan brekkur að tilvísan og verið þar drepinn. Þá nam Önundur breiðskeggur Úlfarsson, faðir Tungu-Odds – tungu alla milli Hvítar og Reykjadalsár. (Byggðir Borgarfjarðar II, 1989, p. 291)

Reykholsdalshreppur allur, auk nokkurra bæja í Hálsasveit, á kirkjusókan að Reykholti. Áður voru hálfkirkjur á Sturlu-Reykjum, Skáney, Hæli, Stóra-Kroppi og Deildartungu. Stóðu sum kirkjuhúsin enn 1708. Þá eru uppi tilgátur um, að á Steindórsstöðum hafi verið kirkja, en þar hefur fundist grafreitir úr kristnum sið. . (Byggðir Borgarfjarðar II, 1989, p. 293)

Eftirfarandi texti gefur innsýn í sögu Steðja:

„Steðji er neðstur bæja í Flókadal, stendur sunnan til við dalinn miðjan, vestan undir grýttu holti, Steðanum. Land jarðarinnar er fremur lítið gróið. Skiptast á holt, mýrarsund, melabungur og flatir melar. Flókadalsá rennur í sveig að sunnan og vestan við Steðjaland, og er Varmalækur handan ár, að norðan er land Bæjar (Kálfames), Runna of Litla-Kroppis (Geirsá), Brúsholt er að austan. Jörðin var áður eign Bæjarkirkju, 8 hundruð, en Bær var aftur í eigu Skálholtsstóls. Steðji var seldur undun Bæ 1923. Veiðihlunnindi eru allgóð af laxi í Flókadalsá, sem rennur í gljúfrum á löngum kafla. Í þessum gljúfrum fyrir Steðjalandi eru enn örlitlar leifar af fornum skógi í Flókadal. Ræktunarland er takmarkað, annað en melar. Beitiland þótti sæmiliegt, en mun lítils metið nú. Búskapur hefur verið lítill í Steðja hin síðari ár. Eigandi hefur dvalist þar, en stundar vinnu utan heimilis. Hitaveitulögn liggur um land jarðarinnar og nýtist til upphitunar. Eigandi og ábúandi: Íbúðarhús 1958 steyp, 582 m³. Fjárhús f. 112 fjár. Hesthús 28m². Hlaða 383m³. Geymsla 23m³. Fjós f. 22 nautgripi. Tún 20,2 ha. Áhöfn: Hross 10. (Byggðir Borgarfjarðar II, 1989, p.343)



Mynd 2: Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið að Steðji (KM 2025)



Mynd 3: Friðlýstar/Friðað fornleifar í nágrenni Steðji (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)¹

¹ Athugið að kortið sýnir aðeins friðlýstar minjar í minna en 3 km fjarlægð frá rannsóknarsvæðinu.

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim lögum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.²

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Fimm fornleifaskráningar hafa verið skráðar á svæðinu. (Mynd 4).

- 2025 Hermann Jakob Hjartarson, **(3397)** Fornleifaskráningar í landi Varmalækks í Borgarfirði.
- 2016 Kevin Martin , **(2407)** Archaeological Impact Assessment of a (Lagning ljósleiðara) Fibre Optic Cable Route in Bæjarsveit, Borgarfjörður.
- 2009 Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson, **(1498)** Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð.
- 2001 Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson, **(1209)** Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar III. Bær í Bæjarsveit og Kleppjárnshreykir í Reykholtssdal.
- 1997 Bjarni F. Einarsson , **(1135)** Borgarfjarðarbraut, leið 3 og 3a. Álitsgerð vegna fornleifa.



Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (1209), (1498), (1135), (3397) og (2407) nálægt Steðja. (Minjastofnun Íslands, gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi

Höfundur skoðaði gagnagrunninn Sarp og fann ekki tilvísun til neinna fornleifa skráða innan lands Steðja í Flókadal, Borgarfirði.

Nokkur örnefni eru skráð í nágrenni rannsóknarsvæðisins og má finna lista með þeim öllum hér að neðan. Tvö örnefni eru skráð innan framkvæmdasvæðisins. *Mýrin* (27) og *Poki* (19). Leið lagnarinnar er nálægt þessum stöðum.

Steðji³

Jörð í Reykholtshreppi, nánar tilgreint í Flókadal, vestust (neðst) í dalnum á milli Flókadalsár (Flóku) og Geirsár. Talið er, að nafn bæjarins sé dregið af lögun holts þess, sem er ofan (austan og sunnan) við bæinn. Líkist það nokkuð smíðatækinu steðja að lögun og heitir einnig Steðji (1). (Hefur það ef til vill upphaflega heitað (svo) Steðjaholt, en aldrei nefnt svo í seinni tíð.) Holt þetta er myndað úr grágrýti frá Oki. Er jökulruðningur frá ísöld víða um það, eins og fleiri holt í Flókadal, svo sem Brúsholt, Þrándarholt, Hælsás o.fl.

Sunnan, og á kafla vestan við land jarðarinnar er Flókadalsá (2), í daglegu tali oftast nefnd Flóka (3). Hún kemur langt innan af afrétti og er syðri áin, sem rennur um Flókadal (hin er Geirsá). Flókadalsá (Flóka) er allmikil laxveiðiá og því mikið af nöfnum í sambandi við hana.

Inni á merkjum milli jarðanna Steðja og Brúsholts, spölkorn frá Flóku, er lítið holt eða klettur, sem heitir Hestaklettur (4), nú oftast nefndur Hrossaklettur (5), en hefur fyrrnefnda nafnið 1661, svo að það verður að teljast rétt. Dregur hann trúlega nafn af því, að hestar (hross) leita gjarnan skjóls við hann og geta þá leynzt þar.

Þaðan vestur (niður) með ánni eru nokkuð sléttlendar eyrar, en upp af (norður af) þeim eru mýrarsund. Rennur áin þar í sveig, og myndast því nes. Er það nefnt Hjalmsnes (6). Vestur af nesinu er efsti fossinn í ánni á þessum slóðum, og heitir hann Hjalmsfoss (7). Ofan við hann er Hjalmsvað (8) á ánni, og undir fossinum er hylur, sem heitir Hjalmshylur (9). Allt á þetta að vera kennt við einhvern Hjálms, sem fór í ána, en vaðið var rétt á fossbrúninni.

Á gljúfrinu, spölkorn fyrir neðan Hjalmsfoss, var byggð trébrú yfir ána árið 1894 og lagður vegur að henni yfir mýrarsund, sem þar er fyrir austan, og var eftir það kallað Brúarsund (10), ef til vill af brúnni á ánni, en líklega frekar af veginum yfir sundið, brú þá í merkingunni vegarspotti yfir mýrarsund. Annars þræddi hestavegurinn mela upp að Steðjanum og austur með honum ofan við mýrarsundin og austur hjá Hestakletti yfir mýrarsund norðan klettsins á Skeiðmel í Brúsholtshreppi. Þessi brú á Flóku var rifin vorið 1934, þegar ný brú hafði verið byggð á Strákavaði haustið 1933, en stöplarnir að henni sjást enn, svo og vegurinn (brúin) yfir sundið.

Melurinn suðvestan við túnið í Steðja, vestur af Steðjahorninu (11) (það er nefi Steðjans, þar sem hann gengur lengst til vesturs), heitir Húsamelur (12).

Neðan við þann stað, þar sem fyrrnefnd trébrú var á Flóku á árunum 1894 – 1934 eru tveir litlir hvarmarar við ána. Sá minni (krappari og dýpri), nær brúarstaðnum, heitir Fagrihvammur (13). Hann er á milli klettsins, sem brúin lá af yfir ána, og annars kletts

³ <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=585815>

norðar, sem heitir Stekkjarklettur (14). Stærri hvammurinn (víðari og grynnri) er norðan Stekkjarkletts og heitir Stekkjarhvammur (15).

Stekkurinn, sem kletturinn og hvammurinn bera nafn af, var norðan Stekkjarkletts. (Var kletturinn notaður fyrir annan hliðarvegg.) Sést stekkurinn vel enn, bæði réttin og lambakróin.

Athugum nú fleiri fossa í ánni. (Áður var nefndur Hjálmsfoss.) Brúarfoss (16) heitir lítill foss, þar sem gamla brúin var. Neðan hans er hylurinn Svartistokkur (17). (Er í djúpu gljúfri, svo að sól skín sjaldan niður í hann.) Nokkru neðar (neðst við Stekkjarhvamm) er Pokafoss (18), og neðan hans hylurinn Poki (19). Nafnið er sjálfsgagt dregið af lögun gljúfursins. (Þess má geta, að hvammur þarna sunnan árinna í Varmalækjarlandi heitir líka Poki.) Milli Svartastokks og Pokafoss eru tveir litlir fossar, og heitir annar Vaðmálsfoss (20), trúlega sá neðri. Á þar einu sinni að hafa tapast vaðmál. Allmiklu neðar er Myrkhylur (21) (e.t.v. sama og Rangur, annars óvist hvar er), og þar rétt fyrir neðan annar, sem nefnist Rangur (22). (Nafnið af lo. rangur = snúinn, dregið af lögun hylsins.) Er þá komið niður fyrir Flókugljúfrin (23), en þau ná frá Pokafossi niður fyrir Rang. Er þá komið niður undir brúna, sem byggð var 1933 á svonefndu Strákavaði (24). Nafnið dregið af því, að vaðið þótti slæmt eða helzt ekki nema fyrir stráka að nota, áin þar staksteinótt og hálar klappir á botni, nokkuð djúp. Hvammur milli melkasta upp frá Rang heitir Norðurhvammur (25). Þess vegna var Stekkjarhvammur líka stundum nefndur Suðurhvammur (26). Hefur ef til vill heitið svo, áður en stekkur var hlaðinn þar (?).

Fyrir neðan og norðan túnið í Steðja er nafnlaus mýri (aðeins nefnd Mýrin (27)). Neðri hluti hennar er lægri en sá efri, og myndast þar brún eða barð, nefnt Barðið (28). Neðan Barðsins nefndist Mýrin Leynir (29). Skepnur gátu leynzt þar, ef horft var heiman frá bænum. Lítill, einstakur klettur í Mýrinni norðarlega, rétt norðan við veginn, sem nú liggur gegnum hann, heitir Einbúi (30).

Melbunga neðan (vestan) Mýrarinnar (Leynis), en norðan Norðurhvamms, heitir Efrakast (31), og litlu neðar og nær Flóku er önnur melbunga, sem heitir Neðrakast (32), á seinni árum oft nefnd Símakast (33), þ.e. eftir að símalínan til Norðurlands var lögð yfir það. Lægðin milli kastanna niður að Flóku nefnist Grófardalur (34). (Vafasamt. Í.B.) Vegurinn upp frá brúnni liggur nú vestan og norðan í Neðrakasti (Símakasti). Neðan við köstin, niður með Flóku, eru eyrar, sem heita Steðjaeyrar (35). Ná þær að Skolapolli (36), en það er síki, rétt þar sem Kroppsmelar ganga fram næst ánni. Talsverður hluti Kroppsmela (37) er reyndar í Steðjalandi. Á þeim er nú flugvöllur. Þvert yfir mynni Flókadals ganga klettastallar eða ásar. Sá hluti þeirra, sem er í Steðjalandi, nefnist Steðjaásar (38). Nefnast þeir svo frá Efrakasti að merkjum Steðja og Stórakropps. Einstakir klettur á þeim eru t.d. Skúti (39) norðan við skarðið, þar sem vegurinn liggur nú upp á Ásana upp í Mýrina (Leyninn), og Litlistapi (40), sunnan við skarðið, skammt frá Efrakasti. Skarðið (lægðin), sem vegurinn liggur um, nefnist Lagar (41). Neðan Steðjaása, á milli þeirra og suðurhluta Kroppsmela, sem er í Steðjalandi, er löng og mjó mýri, sem heitir Skutamýri (42). Suðurendi hennar nær að fyrrnefndum melköstum, en framhald hennar að norðan er Selbugur í Stórakroppslandi.

Rétt ofan við Ásana (43), norður undir Geirsá (44), en norðan Mýrarinnar, er lágt holt, sem heitir Vörðuholt (45). Á því er varða, sem heitir Merkjavarða (46). Eru þar merki milli Steðja og Stórakropps. Liggja þau frá vörðunni beint að Geirsá. Síðan skiptir Geirsá löndum milli Steðja og Litlakropps. Lágur holtsrani gengur þvert frá Geirsá suðvestur að Mýrinni og hækkar frá ánni. Suðvesturendi hans, sem er hæstur, heitir Snös (47). Lítið mýrarsund á milli þessa holtsrana og Vörðuholts heitir Vörðusund (48). Frá Snösinni og heim að (suður að) Steðjatúni er melhryggur, nefndur Steðjamelar (49). Bunga á þeim melum miðjum skammt norðan við túnið í Steðja heitir Háimelur (50).


Norðaustan Steðjans (Steðjaholtsins), en sunnan nýs túns frá Steðja, er lítið grjótholt í mýri. Heitir það Merkisholt (51). Það er á merkjum milli Steðja og Brúsholts. Liggja merkin beina línu milli Geirsár og Flóku um Merkisholt og Hestaklett (Hrossaklett), sem fyrst var nefndur, er hringferðin um Steðjaland hófst. Steðjasund (52) heitir mjótt mýrarsund austan Steðjans, jafnlangt breidd hans. Eru merkin samhliða því að austan, en lágt holt, framhald Steðjans, tekur þar við í Brúsholtslandi. Steðjakrókur (53) er sunnan Steðjasunds við suðurhorn Steðjans, þar sem hann beygir til vesturs. (Austur af Steðjakrók eru Bringur í Brúsholtslandi.) Er þá Hrossa- eða Hestaklettur á næsta leiti og hringferðinni lokið.

Yfirlit og endurskið af Ívari Björnssyni frá Steðja, des. 1967.


Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herfingjaráðs (1905-1915) er bærinn Steðji merktur inn (Mynd 5). Höfundur hefur lagt rannsóknarsvæðið yfir kort af heitavatnslögninni (Mynd 5). Þar sést að staðsetning fyrirhugaðrar lagnar er vel fyrir utan sögulegt bæjarstæði Steðja. Austari endi leiðslunnar sem var könnuð nær að svæði merkt *Poki* nálægt *Hjálmfossi*.

Þá voru einnig skoðuð gömul túnakort. Sem tilvísun er túnakort fyrir Steðja hér (Mynd 6). Höfundur getur staðfest að leiðslan liggur utan við sögulegt bæjarstæði Steðja.



Mynd 5: Herfingjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Steðjasvæðisins. (Landmælingar Íslands).



Mynd 6: Steðji túnakort frá 1917. (Teikn. Páll Zóphoníasson)

Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur yfirfór Steðji rannsóknarsvæðið 21. Mars 2025. Allt svæðið var gengið og skoðað á einum degi í góðu veðri. Svæði 30m til beggja hliða við vatnsleiðsluna var með í skráningar svæðinu. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.

Engar fornleifar voru innan rannsóknarsvæðisins.

Ráðleggingar

Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnst fornminjar.⁴

Fundur fornminja

Finnast fornminjar (forngripir eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökla, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnst við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

⁴ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Byggðir Borgarfjarðar II, 1989. *Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. Ritnefnd: Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson.

Efla 2019. Endurnýjun hitaveitulagna og förgun eldri lagna í Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð.

Einarsson, B. F, 1997. **(1135)** *Borgarfjarðarbraut, leið 3 og 3a. Álitsgerð vegna fornleifa*.

Hreiðarsdóttir, E.O *et al*, 2009. **(1498)** Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð.

Hreiðarsdóttir, E.O & Vésteinsson, O. 2001. **(1209)** Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar III. Bær í Bæjarsveit og Kleppjárnsreykir í Reykholtssdal.

Hjartarson, H.J, 2025, **(3397)** *Fornleifaskráningar í landi Varmalækks í Borgarfirði*.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1925-1927, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Martin, K, 2016, **(2407)** *An Archaeological Impact Assessment of a (Lagning ljósleiðara) Fibre Optic Cable Route in Bæjarsveit, Borgarfjörður*.

Stedji, Ívar Björnsson (1967). Örnefnastofnun Íslands.

Veitur 2025. HAB_STEDJI - ÚTBOÐS OG VERKLÝSING.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is


www.nafnið.is

www.islandskort.is


www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>




Mynd 7: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðinu eftir fyrirhugaðri heitavatnslögn (KM 2025)




Mynd 8: Rannsóknarsvæðið að Steðja, sýnir ólíkar jarðvegsaðstæður meðfram fyrirhugaðri heitavatnslögn (KM 2025)





Mynd 9: Flókugljúfur staðsett í austari enda rannsóknarsvæðisins. (KM 2025)






Mynd 10: Teikning af heitavatsleiðslu 1/7. (Veitur)



Mynd 11: Teikning af heitavatsleiðslu 2/7. (Veitur)







Mynd 16: Teikning af heitavatnsleiðslu 7/7. (Veitur)